

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1: Kynningarbréf



## Upplýsingar vegna rannsóknar á: Fæðingarþunglyndi feðra

Ágæti viðtakandi.

Með þessu bréfi óskum við eftir þáttöku þinni í rannsókn á fæðingarþunglyndi feðra. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða reynslu íslenskra feðra og dýpka þannig skilning á tilfinningum feðra sem fengið hafa fæðingarþunglyndi og að hvaða leyti mætti bæta þjónustu við þá. Rannsóknin er eigindleg þar sem tekin verða viðtöl við feður sem hafa fengið fæðingarþunglyndi í tengslum við fæðingu barna sinna. Viðtölin verða tekin á þeim stað sem viðmælendur kjósa og reiknað er með að tekið verði eitt viðtal við hvern þátttakanda sem áætlað er að taki 45 – 60 mínútur. Farið er með allar upplýsingar sem koma fram í viðtölum sem trúnaðarmál og verða þær meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd í samræmi við íslensk lög um persónuvernd, vinnslu og eyðingu gagna. Engin gögn verða afhent þriðja aðila og öllum frumgögnum, hljóðupptökum og tölvugögnum verður eytt að lokinni rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar verða ópersónugreinanlegar. Þátttakendum er hvorki skylt að taka þátt í rannsókninni né er þeim skylt að svara öllum spurningum í viðtalinu. Þátttakendur geta hætt við þátttöku í rannsókninni hvenær sem er án útskýringar. Séu einhverjar spurningar varðandi rannsóknina, framkvæmd eða tilgang hennar er hægt að hafa samband við Lindu í síma xxx-xxxx og netfang 000@unak.is eða Sóleyju í síma xxx-xxxx eða netfang 000@unak.is

### Með von um góðar undirtektir

Linda Björk Jóhannsdóttir

Sóley Smáradóttir

**Fylgiskjal 2: Samþykkisyfirlýsing****Samþykkisyfirlýsing þátttakenda**

Ég staðfesti hér með að ég hef lesið kynningarbréf vegna rannsóknar á fæðingarpunglyndi feðra og veiti samþykki mitt til þáttöku í rannsókninni. Ég áskil mér rétt á að neita að svara einstökum spurningum og hætta þáttöku í rannsókn hvenær sem er.

---

Nafn:

---

Staður og dagsetning

---

F.h. Rannsakenda

### Fylgiskjal 3: Viðtalsrammi

- 1 Hver er reynsla þín af fæðingarþunglyndi
- 2 Hvert er samband þitt við barnsmóður þína?
- 3 Voruð þið í sambúð þegar meðgangan hófst eða þegar barnið fæddist?
- 4 Er þetta fyrsta barnið þitt?
  - a. Ef nei- Hvað áttu mörg börn fyrir?
  - b. Ef í sambúð – átti maki þinn börn fyrir?
- 5 Var meðgangan fyrirfram ákveðin?
  - a. Ef nei – voruð þið barnsmóðir þín á einu máli um framgang meðgöngunnar?
    - i. Ef nei – hvernig leið þér þegar það var ákveðið að haldið yrði áfram með meðgönguna?
    - b. Ef já – hvað var það helst sem varð til þess að þið ákváðuð að eignast þetta barn?
- 6 Hefur maki þinn greinst með meðgöngu eða fæðingarþunglyndi?
  - a. Ef já – á hvaða meðgöngu/meðgöngum greindist hún?
  - b. Telur þú að þunglyndi hennar hafi haft áhrif á líðan þína einnig?
    - i. Ef já - Hvernig?
- 7 Hefur þú einhverntíman greinst með þunglyndi áður?
  - a. Ef já- Hvenær?
- 8 Hvenær myndir þú segja að þú hafir fyrst áttað þig á því að ekki var allt eins og það átti að vera í tengslum við barneignina?
- 9 Hvernig leið þér þegar þú áttaðir þig á því að þú værir kominn með þunglyndi?
- 10 Hvernig upplifðir þú fæðingu barnsins?
- 11 Hvernig fannst þér þú ná að tengjast barninu?
- 12 Sagðir þú einhverjum heilbrigðisstarfsmanni í mæðra eða ungbarnavernd hvernig þér leið? Einhverjum öðrum?
  - a. Ef nei – Varstu einhverntíman spurður beint hvernig þér liði?
  - b. Ef já – Hvernig fannst þér eins og væri tekið á málinu eftir að þú sagðir frá?
- 13 Hvernig fannst þér aðgangur að heilbrigðisstarfsfólki í tengslum við meðgöngu og/eða fæðinguna?
- 14 Fannst þér þú ná að taka eins mikinn þátt í barneignuferlinu og þú hefðir viljað?
  - a. Ef já – hvaða þáttaka fannst þér mikilvægt fyrir þig?

- b. Ef nei – Hvað hefðir þú viljað hafa öðruvísi?
- 15 Hafðir þú áður heyrt um að fæðingarpunglyndi mæðra?
- a. Ef já – vissir þú að feður gætu einnig fengið fæðingarpunglyndi?
    - i. Ef já – hvar hafðir þú heyrt það?
    - ii. Ef nei – hefðir þú viljað að þú hefðir vitað að það væri til?
- 16 Hvernig telur þú að upplýsingar um fæðingarpunglyndi feðra næðu best til verðandi feðra?
- 17 Eitthvað sem þú vilt að komi fram í lokin?

